

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

„Spurningalisti til hagsmunaaðila vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á tilskipun (ESB) 2019/790 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum“

Nr. 82/2022 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

1. ÞÁTTTAKA

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar		FÍSL, Félag íslenskra samtímaljósmyndara, Fjölís Myndstef - Myndhöfundasjóðs Ísland, Félag leikmynda- og búningahöfunda (FLB), Miðeind, Lögmannsstofan Lex, Hagþenkir, Arkitektafélagið, Google, Samband íslenskra myndlistarmanna, Fatahönnunarfélag Íslands, Ljósmyndarafélag Íslands, SKL, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Rithöfundasamband Íslands, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Félag kvikmyndagerðarmanna, STEF.
Samtals	0	17

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum („DSM-tilskipunin“) var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 8. desember 2023. Tilskipunin verður innleidd með lagafrumvarpi um breytingu á höfundalögum nr. 72/1973. Innleiðingin er á ábyrgð menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis, sem borið hefur ábyrgð á höfundaréttarmálum innan stjórnarráðsins frá 15. mars 2025 en málefni höfundaréttar voru áður á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Tilskipuninni er ætlað að samræma reglur um höfundarétt sem varða hinn stafræna innri markað. Ýmis ákvæði hennar gera ráð fyrir samráði við hagsmunaaðila.

Einn liður í því samráði var spurningalisti til hagsmunaaðila, sem þáverandi menningar- og viðskiptaráðuneyti birti 13. apríl 2022 í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. 82/2022, vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á DSM-tilskipuninni. Listinn var birtur í kjölfar kynningarfundar ráðuneytisins á DSM-tilskipuninni, sem haldinn var fyrir hagsmunaaðila og aðra sérfræðinga í höfundaréttarráði þann 20. janúar 2022.

Opið var fyrir umsagnir til 25. maí 2022 eða í 6 vikur. 17 umsagnir bárust í gáttina fyrir þann tíma, frá umsagnaraðilum, sem voru aðallega innlendir hagaðilar en einnig barst umsögn f.h. eins erlends aðila, Google. Umsagnir og athugasemdir voru misviðamiklar. Sumar tóku eingöngu til tiltekinna ákvæða meðan aðrar fjölluðu um tilskipunina í heild. Að umsagnarfresti liðnum voru umsagnir og athugasemdir teknar til skoðunar við vinnslu lagafrumvarps til innleiðingar á tilskipuninni. Tafir urðu á þeirri vinnu

vegna starfsmannabreytinga og annarra aðstæðna í ráðuneytinu. Þegar það frumvarpsdrög liggja fyrir verða þau birt í samráðsgátt stjórnvalda og kostur gefinn á athugasemdum. Fyrirhugað er að birta frumvarpsdrög í samráðsgátt síðla árs 2025.

Lista yfir þá sem fengu boð um að senda inn umsögn er að finna inn á málinu sem fylgiskjal. Önnur skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3195>